

Ábending:

Um leið og verkefni eru unnin er tilvalið að gera eitthvað skemmtilegt úr rauntextunum, þ.e. lesa þá með nemendum og ræða efni þeirra. Í tengslum við textann eftir Torfhildi Hólm í verkefni 21 er til dæmis hægt að ræða mismunandi giftingarsiði og hvernig þeir hafa breyst hér á landi.

1. Fallorð

Verkefni 1

- Greinið feitletruðu fallorðin í eftirfarandi setningum í föll.
- Finnið fallvaldana.

	Fall	Fallvaldur
Skipið sigldi undir brúna .	þolfall	undir
Ég vann vel í tímanum .	þágufall	í
Dóttir Páls er fögur.	eignarfall	dóttir
Við bökuðum saman köku .	þolfall	bökuðum
Í gær sá ég sæta kisu .	þolfall	sá
Við eigum þennan hest .	þolfall	eigum

Verkefni 2

Eftirfarandi texta er að finna á Vísindavef Háskóla Íslands:

Vísindavefurinn krefst það að algjört jafnræði ríki meðal föll landið. Í fyrirmyndarríki framtíðin skulu öll föll vera frjáls undan forsetningar, mannesetningar og kennisetningar.

Í framtíðin verða engir þágufallssjúkir, nefnifallsveikir, þolfallssýktir eða eignarfallsstola. Allir hafa fullur réttur til að fallbeygja eins og þeir lystir, hver eftir sitt nef, lengi lifi búrmæltir, þvoglumæltir og völlumæltir!

Í framtíðin getur hið opinbera, mannanafnanefndin, beygingarvaldið eða fallákvörðunarnefndin ekki ákvarðað hvernig frjálsir borgarar fallbeygja frjáls orð þetta land.

Sá maður sem nefnir nefnifallið, notar nefnifall, sá sem þolir þolfallið, öðlast þolfall, sá sem þiggur þágufallið hlýtur þágufall, og sá sem eignar sér eignarfallið skal uppskera eilíft eignarfall.

- Hvað er athugavert við þennan texta?

Öll fallorðin eru óbeygð og standa því í nefnifalli.

b) Getið þið hugsað ykkur íslenskuna án falla? Hvaða hlutverk hafa föllin?

Föllin gera textann meðfærilegri og með þeim er hægt að sjá hver er gerandi, hver þolandi eða gera grein fyrir eiganda.

Verkefni 3

Skoðið eftirfarandi textabrot.

- Strikið undir þau orð sem eru í aukafalli.
- Gerið hring utan um fallvaldana.
- Hvaða orðflokkur stýrir falli í textanum?
- Hafa einhver orð sama fallvald?

Hann var runninn upp, dagurinn sem systurnar í Grænadal höfðu í hyggju að **kveðja** móður sína, heimili sitt og æskustöðvar sínar. Hann var runninn upp, heiður og fagur, eins og afar margir haust dagar á Íslandi, en jafnframt dularfullur.

Úr *Systurnar frá Grænadal* eftir Maríu Jóhannsdóttur

c) Forsetningar og sagnorð.

d) Já, *móður sína, heimili sitt, æskustöðvar sínar*. Þessi orð hafa öll fallvaldinn kveðja.

Verkefni 4

- Semjið stutta lýsingu á heimavinnu ykkar í gær.
- Strikið undir þau orð sem eru í aukafalli og gerið hring utan um fallvaldana.
- Hvaða orðflokkar stýra falli?

Ábending:

Nemendur gætu farið yfir hver hjá öðrum.

1.1 Nafnorð

Verkefni 5

a) Beygið eftirfarandi sex orð í eintölu og fleirtölu.

fundur, penni, hestur, hundur, safi, vegur

nf.et.	fundur	penni	hestur	hundur	safi	vegur
þf.	fund	penna	hest	hund	safa	veg
þgf.	fundi	penna	hesti	hundi	safa	vegi
ef.	fundar	penna	hests	hunds	safa	vegar

nf.ft.	fundir	pennar	hestar	hundar	safar	vegir
pf.	fundi	penna	hesta	hunda	safa	vegi
þgf.	fundum	pennum	hestum	hundum	söfum	vegum
ef.	funda	penna	hesta	hunda	safa	vega

b) Hvaða orð tilheyra sama beygingarflokki og hvað gefur ykkur vísendingar um það?

Penni/safi, fundur/vegur, hestur/hundur.

Endingar í kenniföllum orðanna gefa vísendingar um það hvaða beygingarflokki hvert orð tilheyrir.

c) Hvernig myndu kenniföll þessara orða vera sýnd í orðabók?

Eignarfall eintölu og nefnifall fleirtölu sbr. *fundur -ar, -ir* KK, *hestur -s, -ar* KK, *safi -a, -ar* KK.

Verkefni 6

- Beygið í huganum eftirfarandi orð í eintölu og fleirtölu: fótur, ketill, köttur, maður.
- Finnst ykkur líklegt að kenniföll þessara orða séu skráð á sama hátt og kenniföll orða eins og *hestur* og *kona*. Hvers vegna? / Hvers vegna ekki?
- Flettið orðunum í a-lið upp í orðabók og gerið grein fyrir því hvernig kenniföll þeirra eru skráð.

b) Nei, því að þessi orð beygjast ekki reglulega.

c) fótur-fótar, fætur; ketill-ketils, katlar; köttur – kattar, kettir; maður –manns, menn

Verkefni 7

- Fallbeygið eftirfarandi orð í eintölu: gluggi, hús, bátur, stofa.
- Að hvaða leyti hafa þessi orð ólíkar endingar í eignarfalli eintölu?
- Hvaða nafnorð haldið þið að hafi veika beygingu og hvað einkennir þá beygingu?

gluggi	hús	bátur	stofa
glugga	hús	bát	stofu
glugga	húsi	báti	stofu
glugga	húss	báts	stofu

b) Tvö enda á sérhljóða og tvö enda á samhljóða.

c) Þau nafnorð sem enda á sérhljóða hafa veika beygingu.

Svar við hugleiðingu á eftir verkefni 7:

Hægt er að tala um *sérhljóðabeygingu* fyrir nafnorð sem beygjast veikt af því að þessi orð enda alltaf á sérhljóða í eintölu og *samhljóðabeygingu* fyrir nafnorð sem beygjast sterkt vegna þess að þau enda öll á samhljóða í eignarfalli eintölu.

Verkefni 8

a) Finnið tvö dæmi um sterk nafnorð og tvö dæmi um veik nafnorð.

Nafnorð með veika beygingu: lunga, eyra.

Nafnorð með sterka beygingu: skál, rúm.

Ábendingar:

a) Hægt er að snúa þessu verkefni upp í keppni með því t.d. að láta hvern og einn nemanda skrifa niður eins mörg veik nafnorð og honum dettur í hug á einni mínútu. Svo er fundið út hver hefur skrifað niður flest orð og athugað hvort öll orð þess nemanda séu veik.

b) Einnig er hægt að láta hvern nemanda svara því hvort nafnið hans beygist sterkt eða veikt.

Verkefni 9

a) Flettið eftirfarandi orðum upp í orðabók og segið til um hvað þau merkja. fitjafinnungur, ginfaxi, laxaber, varinhella.

Fitjafinnungur: planta af hálfgrasaætt

Ginfaxi: nafn á galdrastaf eða galdramerki

Laxaber: runni, garðjurt af rósaætt

Varinhella: hella úti fyrir bæjardyrum

b) Kenniföll þessara orða eru ekki gefin upp í orðabók? Hvernig ætli standi á því?

Þetta eru samsett orð.

Ábending:

Áður en nemendur finna merkingar í orðabók er hægt að skipa þeim í hópa og láta hvern hóp giska á merkingu hvers orðs (sbr. *Fimbulfamb*). Hóparnir gætu kynnt niðurstöður og jafnvel rökstutt hugmyndir sínar.

Verkefni 10

Hvaða nafnorð haldið þið að séu ákveðin í eftirfarandi texta og hvað er það sem gerir þau ákveðin?

Mín skoðun er að nemendur eigi að geta staðist prófin. Þessir nemendur hafa staðið sig vel í vetur. Umsjónarkennarinn er mjög ánægður með nemendurna en hann telur að Svandís, sem er dóttir húsvardarins, fái hæstu einkunnirnar.

Svar við því hvað gerir orðin ákveðin er að finna á bls. 19 í kennslubókinni.

Ábending:

Hægt er að láta nemendur semja tvo texta um sama efni; annar er hafður með eins mörgum ákveðnum orðum og hægt er og hinn með samsvarandi orðum sem eru óákveðin. Nemendum er t.d. gefið eitt orð (súkkulaðistykki, penni, skór...).

Verkefni 11

- Ímyndið ykkur að þið séuð að skrifa í dagbókina ykkar um fyrsta skóladaginn. Búið til stuttan samfelldan texta sem í eru ákveðin nafnorð af því tagi sem nefnd eru hér á undan.
- Gerid grein fyrir því hvers vegna þið notið ákveðin nafnorð.

1.2 Lýsingarorð

Verkefni 12

- Finnið lýsingarorðin í eftirfarandi texta.
- Prófið að skipta um nafnorð þar sem lýsingarorðin standa með nafnorði og hafið þau í öðru kyni. Veljið sjálf orðin og athugið hvort og hvernig lýsingarorðin breytast.

Einhvern dag í nóvember gekk ég snæviþaktar götur með pabba, hann hélt í hönd mína, og áður en ég vissi af vorum við komnir upp undir brekkuna þar sem elstu húsin stóðu og sestir inn í afar lítið eldhús, farnir að drekka kanilkaffi. Út um glugga sást bókhlaðan. Pabbi talaði hátt og fitlaði við gleraugun, og gamla konan lagði eyrun við, heyrði sumt, en hváði oftar. Hún var sífellt að bera fleiri og fleiri tertur á borð og ég réðst á þær jafnóðum, skar sneið.

Úr *Bréfbátarígingunni* eftir Gyrði Elíasson

- Einhvern dag í nóvember gekk ég snæviþakta vegi með pabba, hann hélt í hönd mína, og áður en ég vissi af vorum við komnir upp undir brekkuna þar sem elstu**

kofarnir stóðu og sestir inn í afar litla stofu, farnir að drekka kanillkaffi. Út um glugga sást bókhlaðan. Pabbi talaði hátt og fitlaði við gleraugun, og gamli maðurinn lagði eyrun við, heyrði sumt, en hváði oft. Hún var sífellt að bera fleiri og fleiri súkkulaðibita á borð og ég réðst á þá jafnóðum, tók bita.

Lýsingarorðin breytast eftir kyni og tölu þeirra orða sem þau standa með.

Verkefni 13

Segið til um hvort feitlettruðu lýsingarorðin í eftirfarandi setningum eru í stöðu einkunnar eða sagnfyllingar.

- | | |
|--|--------------------|
| Ég keypti mér svartan kjól. | einkunn |
| Nýi kennarinn þykir skemmtilegur . | sagnfylling |
| Söngur skólakórsins var stórkostlegur . | sagnfylling |
| Fallegi lampinn stendur á borðinu. | einkunn |
| Ég tók viðtal við virtan stjórnámálamann. | einkunn |

Verkefni 14

Skoðið eftirfarandi texta.

- Hvar standa lýsingarorð sem sagnfyllingar og hvar sem einkunnir?
- Prófið að sleppa lýsingarorðunum í textanum. Er í einhverjum tilvikum erfitt um vik að sleppa lýsingarorðunum án þess að textinn verði ótækur? Í hvaða tilvikum er það ekki hægt?

Villiminkar hér á landi eru yfirleitt dökkbrúnir (**sf**) að lit. Algengt (**sf**) er þó að feldurinn lýsist og upplitist eftir því sem líður frá háraskiptum en minkar fara tvisvar á ári úr hárum, að vori og hausti. Feldurinn er gerður úr þéttum (**eink**), grábrúnum (**eink**) þelhárum og löngum (**eink**) vindhárum sem hafa þann eiginleika að hrinda frá sér vatni þannig að minkar blotna aldrei inn að skinni þegar þeir eru í vatni. Vetrarfeldurinn er mun þykkari (**sf**) og hlýrri (**sf**) en sumarfeldurinn og verðmætustu (**eink**) skinnin eru af minkum sem flegnir eru þegar vetrarhárin eru fullvaxin (**sf**) í vetrarbyrjun.

Úr *Villt íslensk spendýr* eftir Karl Skírnisson

- Það er hægt að sleppa lýsingarorðum sem standa í hlutverki einkunnar en ekki þegar lýsingarorðin standa sem sagnfylling.

Það stafar af ólíkum hlutverkum þeirra, þ.e. einkunn kveður nánar á um nafnorð (hægt að sleppa því) en sagnfylling fyllir upp í ósjálfstæða sögn til að fullgera setningu.

Verkefni 15

a) Búið til fjórar setningar með lýsingarorðinu **fyndinn**:

- með lýsingarorðin í stöðu einkunnar með óákveðnu nafnorði.
- með lýsingarorðinu í stöðu einkunnar með ákveðnu nafnorði.
- með lýsingarorðinu í stöðu sagnfyllingar.
- með lýsingarorðinu í miðstigi.

b) Hvenær er lýsingarorðið sterkbeygt og hvenær veikbeygt? Stemmir það við það sem sagt er hér að ofan um það hvenær lýsingarorð eru yfirleitt veikbeygd?

a)

1. Ég hitti fyndna stelpu.
2. Ég hitti fyndnu stelpuna.
3. Guðmundur var ekki fyndinn.
4. Palli er fyndnari en hann.

b)

Lýsingarorðin eru sterkbeygd þegar nafnorðið er óákveðið en veikbeygd þegar nafnorðið er ákveðið. Lo. eru veikbeygd í miðstigi (og reyndar líka í est. sem einkunn).

Ábending:

Þetta verkefni er gott að gera með nemendum á töflu.

Verkefni 16

a) Finnið lýsingarorðin í eftirfarandi textabrotum.

b) Segið til um hvort lýsingarorðin eru sterkbeygd eða veikbeygd?

c) Breytið lýsingarorðunum sem eru sterkbeygd í veikbeygd lýsingarorð. Hverju þurfið þið að breyta til að svo geti orðið?

Fílar eru þyngstu (**vb**) dýr sem nú lifa á þurru (**sb**) landi. Þeir verða oft rúmlega þrjú metrar á hæð og vega allt að 6800 kg. Fullvaxinn (**sb**) fill er því á þyngd við fimm meðalstóra (**sb**) fólsbíla. Raninn gerir fíla líka einstæða (**sb**) í dýraríkinu. Hann er nef, hönd og handhægt (**sb**) drykkjarstrá í einu líffæri. Þetta sérhæfða (**vb**) nef er 1,8 m langt (**sb**) og með því geta fílar bæði bitið gras af jörðinni og teygt sig upp í tré eftir laufi.

Til eru einungis tvær tegundir fíla – asiúfill og afrikufill – og það er hægur (**sb**) vandi að þekkja þá sundur. Asiúfílar eru með smærri (**vb**) eyru og tvo „hnúða“ á enninu.

Asúfilar eru líka með smærri (**vb**) skögultennur, raunar eru kýrnar oft án nokkurra slíkra (**sb**) – ath. að sums staðar er *slíkur* greint sem óákveðið ábendingarfornafn.

Úr *Spendýr*

Ábending:

Hægt er að gefa nemendum upp hversu mörg lýsingarorð eru í textanum. Nemendur fá fyrirmæli um að gefa til kynna með fingrunum (hljóðlaust svo hinir heyri ekki – gægjur bannaðar!) hve mörg veik lýsingarorð eru í textanum. Kennari gefur jafnóðum hverjum nemanda til kynna hljóðlaust (með því að kinka kolli og hrista höfuð!) hvort hann sé með rétta tölu. Ef ekki getur hann spreytt sig aftur. Þegar flestir eru búnir er farið yfir.

c) Það þyrfti að breyta textanum á þann veg að láta sterku lýsingarorðin t.d. standa með ákveðnum nafnorðum eða í miðstigi til að gera þau veik.

Ábending:

Gott er að láta nemendur vinna c-lið saman.

1.3 Fornöfn

1.3.1 Persónufornöfn

1.3.2 Ábendingarfornöfn

Verkefni 17

- a) Fallbeygið ábendingarfornafnið *sá* í öllum kynjum og báðum tölum.
b) Athugið að ábendingarfornafnið *sá* þarf að fá annað fornafn „að láni“ í hvorugkyni eintölu og í allri fleirtölunni. Hvaða fornafn fær það lánað?

KK		KVK	HK
nf.et.	sá	sú	það
þf.	þann	þá	það
þgf.	þeim	þeirri	því
ef.	þess	þeirrar	þess
nf.ft	þeir	þær	þau
þf.	þá	þær	þau
þgf.	þeim	þeim	þeim
ef.	þeirra	þeirra	þeirra

Ábendingarfornafnið fær persónufornafnið að láni.

Verkefni 18

Strikið undir ábendingarfornöfnin í eftirfarandi texta.

Ég hef ekki heyrt þá frétt en hver er þessi maður sem þú ert að tala um? Hann er yfirmaður þessarar stofnunar sem fjallað var um í Morgunblaðinu um daginn. Tekið var viðtal við þá konu sem aðallega hafði komið að málum stofnunarinnar. Það var augljóst að þetta atvik réð úrslitum. Hin dagblöðin fjölluðu lítið sem ekkert um þetta mál.

Verkefni 19

- Finnið ábendingarfornöfnin í textabrotinu.
- Leikur einhvers staðar vafi á því hvort um er að ræða ábendingarfornafn eða persónufornafn?

Kertaljós eru algengt tákn fyrir lífið. Lífi mannsins er líkt við blaktandi kertaljós sem brennur smátt og smátt og lítið þarf til að það slokkni. Enda er stundum sagt um þá (menn) sem orðnir eru hrumir af elli að þeir séu blaktandi skar. Þetta viðhorf kemur m.a. fram í þeirri hjátrú sem tengist kertum.

Úr *Sjö, níu, þrettán* eftir Simon Jón Jóhannsson

- Benda má á að gott getur verið að skipta yfir í eintölu þegar um vafa er að ræða, sbr. *Enda er stundum sagt um þá – þann/*hann...*

Verkefni 20

Beygið spurnarfornafnið **hvaða** í öllum kynjum, báðum tölum og öllum föllum í huganum. Hvað er athyglisvert við beyginguna?

	KK	KVK	HK
nf.et.	hvaða	hvaða	hvaða
þf.	hvaða	hvaða	hvaða
þgf.	hvaða	hvaða	hvaða
ef.	hvaða	hvaða	hvaða
nf.ft.	hvaða	hvaða	hvaða
þf.	hvaða	hvaða	hvaða
þgf.	hvaða	hvaða	hvaða
ef.	hvaða	hvaða	hvaða

Orðið er eins í öllum beygingarmyndum.

1.3.4 Eignarfornöfn

Verkefni 21

- Strikið undir eignarfornöfnin í eftirfarandi textabroti.
- Setjið hring utan um þau persónufornöfn í eignarfalli sem eru notuð til að tákna eiganda.

Í svarinu er notuð feitletrun í stað hrings.

„Galgopi eða ekki galgopi. Það kemur ekki þessu við. En ekki vinnur þú hylli mína með því að ámæla honum. En við erum komin út frá efninu. Ég ætlaði að segja þér að ég elska þig ekki. Ég giftist þér af hlýðni við föður minn, ekki af ást til þín. En reynir þú til að umbera mig og vinna hylli mína, efa ég ekki að hjúskapur **okkar** geti farið vel fyrir það, því að ég mun eins reyna að gegna skyldu minni sem eiginkona eins og dóttir. Og verði í fyrstu nokkur brestur á frá minni hlið, veistu af hverju hann er sprottinn. Ég mun þó reyna að gera mitt besta. Þorirðu að ganga að ókostum þessum?“

„Jú, náttúrulega, enda er nú orðið of seint að kippa í liðinn, þar sem veisludagur er ákveðinn.“

„Þó er betra seint en aldrei,“ sagði hún og skildu þau svo talið. Hann gekk til föður **hennar** til að gera með honum áætlun um veislukostnaðinn og fleira þar að lútandi. En hún sat eftir og studdi hendi undir kinn og þerrði við og við tár af augum sér.

Úr *Seint fyrnist forn ást* eftir Torfhildi Þ. Hólm

Verkefni 22

- Finnið afturbeygð fornöfn í textabrotinu.
- Er hægt að skipta þeim út og setja persónufornöfn í staðinn?
- Ef svo er, hvaða áhrif hefur það á merkinguna?

Hún reyndi að mótmæla hástöfum, en þá þjöppuðu náungarnir sér upp að honum og urðu ógnvekjandi. Kunnu skyndilega enga ensku þegar hann reyndi að útskýra fyrir þeim að þau gætu ekki sætt sig við þetta. Og á endanum fann hann sig knúinn að borga þrátt fyrir heitingar hennar.

Úr smásögunni *Í svip* eftir Þórarinn Eldjárn

b-c) Það væri hægt að setja persónufornafn í stað *sér* í fyrstu línu en merkingin myndi breytast, þ.e. náungarnir eru þá ekki að þjappa sjálfum sér upp að *honum* heldur einhverjum öðrum. Þá vísar fornafrnið ekki lengur „aftur fyrir sig“ í frumlagið.

Verkefni 23

Strikið undir óákveðnu fornöfnin í eftirfarandi texta.

Enginn hefur nokkurn tímann séð þvílíkan sólmyrkva sem varð um daginn. Allir ruku út í ofboði en þó fór þessi atburður framhjá fáeinum hræðum. Sumir gripu með sér sjónauka en aðrir horfðu með berum augum á fyrirbærið. Nokkrir reyndu að taka myndir en áttuðu sig ekki á því að erfitt væri að ná sólmyrkvanum á mynd. Báðar sjónvarpsstöðvarnar voru mættar á staðinn en hvorugri þeirra tókst að ná viðtali við aðalsérfræðinginn því að hann var í óðaönn að upplýsa alla viðstadda um þessa sjaldgæfu sjón.

Verkefni 24

- Finnið fornöfnin í eftirfarandi texta og greinið þau í undirflokk.
- Veljið eitt fornafn úr hverjum flokki og gerið grein fyrir því hvers vegna þetta tiltekna fornafn er notað.

Algennt er að kóngulær hafi einhverju (**ófn**) hlutverki að gegna í þjóðtrú ýmissa (**ófn**) landa. Gríska orðið yfir kónguló er „arachne“ og af sama (*samur* er í orðabók greint sem lo. en innan sviga sem óákv.fn.) orðstofni er dýrafræðiheiti kóngulóaættarinnar dregið, „arachnidæ“. Í grísku goðafræðinni er Arachne nafn á indverskri konungsdóttur sem lærir vefnað hjá Pallas Aþenu. Arachne var vanþakklát og í ofmetnaði sínum (**aefn**) skoraði hún (**pfm**) á gyðjuna í vefnaðarsamkeppni. Það (**pfm**) fór þó svo að Arachne var breytt í kónguló og þess (**pfm**) vegna eru kóngulær svona duglegir vefarar. Vegna spunahæfileikans hafa kóngulærnar fengið nöfn við hæfi, t.d. „Spinne“ á þýsku og „spider“ á ensku. Á íslensku eru bæði kónguló og köngulló (köngurló) ummyndanir af orðinu „köngurváfa“ eins og hún (**pfm**) var nefnd í fyrstu. „Köngur“ merkir einhvers (**ófn**) konar net eða eitthvað (**ófn**) fléttað en „váfa“ er skylt sögninni að vefja. Kónguló merkir því eiginlega vefari. Langflestar kóngulær eru eittraðar þótt fæstar þeirra (**pfm**) séu skaðlegar mönnum og í sumum (**ófn**) tungumálum er heiti hennar (**pfm**) dregið af þessum (**áfn**) eiginleika. Á dönsku heitir kóngulóin t.d. „edderkop“ (eiturkoppur).

Úr *Sjö, níu, þrettán* eftir Símon Jón Jóhannsson

b)

(**ófn**) einhverju hlutverki – hlutverkið er óákveðið

(**aefn**) ofmetnaði sínum – vísar til ofmetnaðs persónunnar sem um er talað

(pfn) hún – vísar í kóngulóna sem þegar er búið að nefna

(áfn) þessum eiginleika – bendir á tiltekinn, ákveðinn eiginleika

Verkefni 25

Semjið stutta sögu þar sem allir flokkar fornafna koma að minnsta kosti einu sinni fyrir.

Ábending:

Þetta er upplagt hópverkefni. Gaman er að láta svo nemendur lesa upp sögurnar sínar. Hægt er að hafa ákveðið þema sem allir hóparnir spreyta sig á.

2. Óbeygjanleg orð

2.1 Forsetningar

Verkefni 26

Finnið forsetningarnar í eftirfarandi textabroti og tilgreinið hvaða föllum þær stýra.

Á (þgf) hverjum tíma koma aftur og aftur fram skilgreiningar sem setja varnagla fyrir (þgf) nýjungum í (þgf) tískunni og þeir eru um (þf) leið varnaglar gegn (þgf) nýrri kvenlegri túlkun. Það að konur sýndu nú meira nakta húð var sett í (þf) samhengi við (þf) lauslæti. Karlmenn voru tortryggjari gagnvart (þgf) hinu augljósa kynferðislega sjálfsöryggi kvenna. Þeir tóku greinilega eftir (þgf) því að tíska var meira en aðeins tákn um (þf) ytra útlit; hún sýndi hvaða skoðun konur höfðu nú á (þgf) sjálfum sér og eigin líkama og hafði þar með áhrif á (þf) framkomu þeirra í (þf) heild.

Úr *Tísku* eftir Gertrud Lehnert

Verkefni 27

Þegar nemendur læra heiti falla (nefnifall, þolfall, þágufall, eignarfall) er þeim kennt að nota hjálparorðin **um**, **frá** og **til** þegar aukaföll fallorða eru fundin. Hvers vegna eru þessi orð notuð?

Þessar forsetningar stýra einungis einu falli, það er að segja *um* stýrir bara þolfalli, frá þágufalli og til eignarfalli.

Verkefni 28

a) Búið til setningar þar sem forsetningarnar **í**, **á**, **undir** og **yfir** stýra annars vegar þolfalli og hins vegar þágufalli.

Strákurinn fór í jakkann (þf). Strákurinn er í jakkanum (þgf).

Maðurinn keyrði á vegginn (þf). Myndin er á veggnum (þgf).

Hún hjólaði yfir Hellisheiðina (þf). Hún vakti yfir honum (þgf).

Stelpan skreið undir borðið (þf). Bókin liggur undir borðinu (þgf).

b) Hefur það áhrif á merkingu setningar hvort hún stýrir þolfalli eða þágufalli?

Já, þegar forsetningarnar stýra þolfalli er hreyfing í setningunni (sögninni) en þegar forsetningin stýrir þágufalli er kyrrstaða í setningunni.

Ábending:

Í a-lið er gott að gefa nemendum upp orð (t.d. *jakki*, *borð*) sem eiga að koma á eftir forsetningunni. Tveir nemendur koma síðan upp á töflu í einu og búa til einfaldar setningar með sömu forsetningu, annar skrifar setningu með fallorði í þolfalli en hinn í þágufalli.

2.2 Samtengingar

Verkefni 29

a) Finnið samtengingar í eftirfarandi textabroti.

b) Flokkið þær í aðaltengingar og aukatengingar.

c) Gerið grein fyrir því hvort samtengingarnar tengja saman orð eða setningar.

Til er skemmtileg þjóðsaga um mann sem (**au**) hét Snorri á Húsafelli. Menn sögðu að (**au**) hann hefði verið mikill kunnáttumaður og (**a**) kom það vel í ljós þegar (**au**) hann var í skóla. Hann var mikið öfundaður af skólabræðrum sínum því að (**au**) hann var gríðarlega sterkur og (**a**) góður í glímu og (**a**) öðrum íþróttum. Einu sinni ákváðu þeir að stríða honum og (**a**) hrintu honum ofan af kletti ofan í Hvítá. Um kvöldið var hann samt mættur í skólann og (**a**) urðu strákarnir þá hræddir því að (**au**) þeir héldu að (**au**) hann væri draugur en (**a**) hann hóf þá að segja brandara og (**a**) þakkaði þeim fyrir seinast. Snorri varð síðar prestur að Stað í Aðalvík en (**a**) bændur þar fóru oft illa með prestana sína vegna þess að (**au**) prestar skömmuðu þá fyrir galdrakukl. Sumir bændur voru svo heiðnir að (**au**) þeir báðust hvorki (**a**) fyrir né (**a** – *hvorki né* = *fleyguð aðaltenging*) fóru í kirkju.

c) Næstum allar samtengingar í textanum tengja saman setningar. Undantekningar frá því eru í þriðju málsgrein en þar tengir og tvisvar saman orð (í raun eru frumlag og umsögn þar undanskilin). Í síðustu málsgrein er fleyguð samtenging sem tengir saman orð.

2.3 Atviksorð

Verkefni 30

Finnið atviksorðin í eftirfarandi texta og greinið þau í undirflokk.

Guðbjörg sá sérlega (**áhersluao**) fallega peysu í gær (**tíðarao**). Hún kaupir sér sjaldan (**tíðarao**) föt en í þetta skipti ákvað hún að slá til (**ao**). Hún mátaði hana aftur (**tíðarao**) þegar hún kom heim (**staðarao**). Manninum hennar leist vel (**háttarao**) á hana og spurði hana hvar (**spurnarao**) hún hefði keypt hana og hversu (**spurnarao**) mikið hún hefði kostað. Konan sagði peysuna ekki (**ao**) hafa kostað mikið og þegar maðurinn dró upp (**staðarao**) kvittunina varð hann mjög (**áhersluao**) hissa. Flíkin var ótrúlega (**áhersluao**) ódýr og hann spurði hvar (**spurnarao**) hún hefði gert slík reyfarakaup. Hún hló vandræðalega (**háttarao**) og sagðist aldrei (**tíðarao**) áður (**tíðarao**) hafa farið inn (**staðarao**) í viðkomandi búð því að hún væri frekar (**áhersluao**) óaðlaðandi séð frá götunni. Hún bætti því við (**ao**) að hún myndi fara þangað (**staðarao**) aftur (**tíðarao**).

Atviksorðin *til*, *ekki* og *við* falla utan við þessa undirflokkun.

Verkefni 31

a) Finnið atviksorðin í eftirfarandi textabroti og greinið þau í undirflokk.

b) Hvers konar atviksorð eru ríkjandi í textanum og hvers vegna?

BRYNDÍS: Vinnustofan mín er í down-town LA. (*Til þess að hann skilji hana*) Miðborg Los Angeles. – Ég fór þangað (**staðarao**) kvöldið áður (**tíðarao**) en við lögðum af stað hingað (**staðarao**) heim (**staðarao**). (*Guðmundur inn (**staðarao**) í peysu. Gamli maðurinn er kominn miðsviðs („frosið“ nafnorð í eignarfalli sem e.t.v. mætti greina sem staðaratviksorð).* – *Horfir rannsakandi á Bryndísi og Guðmund*). Loftið var þykkt af hitasvækju, rotnunarþef, dópi og glæpum. Ég stóð í þröngri götu og fannst ég vera eins og maur sem hefur dottið niður (**staðarao**) í djúpa og skítuga sprungu. Ég leit upp (**staðarao**) til himins. Ég veit ekki (**ao**) hvers vegna. Down-town

lítur enginn til himins. Þar (**staðarao**) er ekkert að sjá. EKKI (**ao**) ein einasta stjarna. Ég hlakkaði svo (**áhersluao**) mikið til að komast burt (**staðarao**) og heim (**staðarao**) til Íslands að mig verkjaði í brjóstið. Og þegar ég settist á þúfuna uppi (**staðarao**) á ásnum og andaði að mér þessu lofti sem er svo (**áhersluao**) tært og hreint að það er næstum (**ao**) ekki (**ao**) jarðneskt . . . Það var eins og upprisa. Og mér fannst að ég hefði aldrei (**tíðarao**) átt að fara héðan (**staðarao**). – Það verður heiðskírt í kvöld, Gummi. Við skulum fara upp (**staðarao**) á ásin og telja stjörnurnar.

Úr *Óskastjörnunn* eftir Birgi Sigurðsson

b) Staðaratviksorð eru ríkjandi í texanum því að í honum er oft vísað til staða.

Verkefni 32

- Búið til frásögn um apa og notið alla flokka atviksorðanna.
- Finnið hversu oft atvikorðin eru nátengd sögnum (sbr. enska orðið *adverb*).

Ábending:

Þetta er upplagt hópverkefni.

Verkefni 33

Atviksorðin *inn* og *heim* tákna hreyfingu til staðar. Finnið dæmi um atviksorð af sömu rót sem tákna annars vegar dvöl á stað og hins vegar hreyfing frá stað (sbr. klausuna hér að ofan)?

inn	inni	innan
heim	heima	heiman
<i>til staðar</i>	<i>dvöl</i>	<i>hreyfing frá stað</i>

Verkefni 34

Skrifið stutta lýsingu á besta vini ykkar eða bestu vinkonu. Notið til þess að minnsta kosti fjögur lýsingarorð og fjögur háttaratviksorð.

Ábending:

Nemendur gætu farið yfir hver hjá öðrum.

Verkefni 35

- Lesið eftirfarandi ljóð.
- Finnið annars vegar lýsingarorðog hins vegar háttaratviksorð í textanum.
- Hverju lýsa lýsingarorðin? En háttaratviksorðin?

Háttaratviksorð eru undirstrikuð en lýsingarorð breiðletruð.

Í rúminu gegnt mínu lá **gamli** málarinn
með skegg sitt og **hvítar** hendur.
Hann reyndi með **veikum** burðum
að rísa upp við dogg og horfa út um gluggann,
svo hann gæti einu sinni enn
séð ljós dagsins flæða sem **óstöðvandi** fljót.

Hann sléttaði vandlega úr sænginni sinni,
svo að hún yrði eins og **strengdur** dúkur,
og hallaði sér upp að höfðagafla rúmsins.
Horfði tindrandi augum yfir sviðið, (hér hagar lh.nt. af *tindra* sér mjög eins og lo.)
kipraði þau ögn og gerði vísifingur að pentskúf.
Svo laut hann fram til þess að sjá betur
það sem var að gerast fyrir utan.

Kona leiddi **lítinn** dreng.
Hún var komin af **léttasta** skeiði
og þurfti að flýta sér.
Í svip þeirra var engin gleði.

Tveir öldungar ræddust hljóðlega við,
annar þeirra með staf,
þeir fóru sér hægt
eins og þeir væru að fylgja vini til grafar.
Ungur maður í **snjáðum** samfestingi
ók hjólbörum,
í þeim voru spýtur og steinar,
hann var í byggingarvinnu.

Lágvaxin þybbin stúlka í **grænni** kápu
hafði bundið **blárri** slæðu um sig miðja,
vitandi það að í **góðu** veðri
eru **mörg** augu í borginni.

Öðruhvoru skipti **gamli** málarinn um pensil.
Alltaf nóg til að mála, sagði hann
og valdi sér **nýjan ósýnilegan** lit.

Gamli málarinn eftir Jón úr Vör

c) Lýsingarorð ákvarða nánar fallorð (*lýsa þeim*) en háttaratviksorð lýsa því hvernig eða með hvaða hætti eitthvað er gert (þ.e. *lýsa sögninni*).

Ábending:

Hægt er að láta nemendur „mála nýja mynd“ fyrir málarann með lýsingarorðum og háttaratviksorðum. Hver hópur gerir eitt erindi og gæti jafnvel sett það á glæru. Þetta væri hægt að gera í staðinn fyrir verkefni 34.

3. Sagnorð

Verkefni 36

Strikið undir umsagnir (ósamsettar og samsettar) í textanum og greinið.

Ó=Ósamsett umsögn; S=Samsett umsögn
-- = skil á milli setninga innan málsgreinar

Kærustuparið gekk (Ó) inn í háhýsið. Þau höfðu aldrei komið (S) þangað fyrr -- og fundu (Ó) ekki strax lyftuna. Það tókst (Ó) að lokum -- og ferðinni var heitið (S) upp á 38. hæð. Á miðri leið stoppaði (Ó) lyftan -- og flestir tóku (Ó) því með mikill rósemi. Í ljós kom (Ó) -- að einn karlmaðurinn í hópnum var haldinn (S) gríðarlegri innilokunarkennd. Hann lagðist (Ó) á gólfíð -- og tárin streymdu (Ó) niður kinnarnar. Hann veinaði (Ó): -- „Þið verðið að bjarga (S) mér héðan sem fyrst.“ Kærustuparið tók (Ó) til sinna ráða, -- ýtti (Ó) á öryggishnappinn -- og innan tíðar barst (Ó) kærkomin hjálp. Rafmagnið hafði farið (S) af öllu háhýsinu -- og ákveðið var að hefja (S) viðgerð undir eins. Maðurinn með innilokunarkenndina mun eflaust aldrei framar stíga (S) fæti sínum í lyftu.

Verkefni 37

- Greinið horf samsettu umsagnanna sem eru skáletraðar.
- Greinið tíð feitlettruðu sagnorðanna.
- Lýsið því hvernig tíð er notuð í þessari frásögn.

Ó = Ólokið horf; L = Lokið horf
nt. = nútíð; þt. = þátíð

Hvar **eru** (nt.) Jón Oddur og Jón Bjarni? **spurði** (þt.) pabbi.

Þeir **hljóta að vera** (Ó) inni, **sagði** (þt.) mamma. Anna Jóna, **skrepptu** (nt.) og **sæktu** (nt.) þá.

Kemur (nt.) ekki til mála. Maður **dauðskammast** (nt.) sín fyrir þessa krakkaasna, **sagði** (þt.) Anna Jóna.

Uss, **sagði** (þt.) pabbi og **fór** (þt.) inn aftur.

Hann **sá** (þt.) ekki bræðurna strax. En svo **sá** (þt.) hann þá og **tók** (þt.) undir sig stökk.

Jón Oddur **var** (þt.) hálfur ofan í tjörn, sem **búin hafði verið** (L) til við innganginn.

Fyrir ofan hana **stóð**: (þt.) **STYÐJID** (nt.) KIRKJUBYGGINGUNA Í HVERAGERÐI, og á botninum **var** (þt.) skál, sem fólk **hafði kastað** (L) peningum í.

Þú ert að ná (Ó) henni, sagði (pt.) Jón Bjarni í sömu svifum og pabbi kom (pt.) á vettvang. Jón Oddur teygði (pt.) sig eins og hann gat (pt.) eftir skálinni og stundi (pt.) af áreynslu.

Pabbi þreif (pt.) í bræðurna og dró (pt.) þá út fyrir.

Eruð (nt.) þið alveg . . . stundi (pt.) hann og ýtti (pt.) þeim höstuglega inn í bílinn.

Það á að byggja (Ó) kirkju fyrir þessa peninga.

Úr Jóni Oddi og Jóni Bjarna eftir Guðrúnu Helgadóttur

c) Frásögnin er í þáttíð en beina ræðan í nútíð.

Verkefni 38

Greinið persónu og tölu sagnanna í eftirfarandi texta.

Anna skilaði 3.ps.et. verkefninu á réttum tíma. Fórst 2.ps.et. þú til útlanda í sumar?

Okkur þyrstir 3.ps.et./óp.so. í meira sælgæti. Ég sendi 1.ps.et. honum tölvupóst. Mig

dreymdi 3.ps.et./óp.so. skemmtilegan draum í nótt. Ykkur skortir 3.ps.et./óp.so. ekkert.

Þau keyptu 3.ps.ft. sér nýjan bíl. Mig verkjar 3.ps.et./óp.so. í fótinn.

Verkefni 39

a) Búið til þrjár setningar sem innihalda sögnina *vantar* og notið mismunandi persónufornöfn með sögninni. Gerið það sama við sögnina *skrifa*.

b) Skoðið beygingarendingar sagnanna. Hvaða munur er á beygingarendingum þeirra?

c) Skoðið einnig beygingu persónufornafnanna. Hvaða munur er á beygingu þeirra?

d) Hvort er um persónulegar eða ópersónulegar sagnir að ræða?

a)

A

1. Mig *vantar* bát.
2. Hana *vantar* bát.
3. Ykkur *vantar* bát

B

- Ég *skrifa* bækur.
Hún *skrifar* bækur.
Þið *skrifíð* bækur.

b)

Sagnirnar í A breytast ekki eftir mismunandi persónum en í B breytast beygingarendingar sagnarinnar eftir því í hvaða persónu frumlagið er.

c)

Persónufornöfnin í A eru alltaf í aukafalli (hér í þolfalli).
Persónufornöfnin í B eru alltaf í nefnifalli.

d)

Í A er um ópersónulega sögn að ræða – hún lagar sig ekki að persónu og tölu frumlagsins heldur er hún alltaf í 3.ps.et.

Í B er um persónulega sögn að ræða – hún lagar sig að persónu og tölu frumlagsins.

Verkefni 40

Sögnin *vilja* beygist á eftirfarandi hátt í persónu og tölu

ég <i>vil</i>	við <i>viljum</i>
þú <i>vilt</i>	þið <i>viljið</i>
hann <i>vill</i>	þeir <i>vilja</i>

Nú á dögum er það málvenja sumra að segja *ég vill* í stað *ég vil*.

Beygið sögnina *lesa* í eintölu á sama hátt og gert er hér að ofan með sögnina *vilja*.

Gefur sú beyging einhverja vísbendingu um það hvers vegna margir segja *ég vill* í stað *ég vil*?

ég <i>les</i>	við <i>lesum</i>
þú <i>lest</i>	þið <i>lesið</i>
hann <i>les</i>	þeir/þær/þau <i>lesa</i>

Í sögninni *lesa* hafa 1.ps.et. og 3.ps.et. sama form og er það raunin með ýmsar aðrar sagnir í íslensku. Þess vegna hefur 1.ps. í so. *vilja* kannski tilhneigingu til að laga sig að beygingu 3. persónunnar og verða *ég vill* í stað hins rétta *ég vil*.

Það hefur einnig verið nefnt að hljómurinn í 3.ps. sagnmyndinni sé ákveðnari og meira afgerandi og því verði hún frekar fyrir valinu sem 1.ps. sagnmynd, þ.e. *ég vill* leggi meiri áherslu á viljann en *ég vil*. Þessa skýringu selja þó höfundar ekki dýrar en þeir keyptu!

Einnig hefur aðeins borið á að börn á leikskólaaldri segi „hún *vil* þetta“ í stað „hún *vill* þetta“. Hvernig haldið þið að geti staðið á þessu?

Mögulegt svar:

Þarna hefur hljómur sagnmyndarinnar ef til vill eitthvað að segja og er hugsanlegt að málnotandinn tengi meiri mýkt við kvenkynsmyndina *vil* og vilji þannig aðgreina kynin hvað varðar þessa sögn. Þetta eru þó einungis vangaveltur sem ber ekki að taka of alvarlega.

Verkefni 41

Sagnirnar *hlakka* og *kvíða* eru persónulegar sagnir sem beygjast á eftirfarandi hátt í persónu og tölu:

ég <i>hlakka</i>	við <i>hlökkum</i>	ég <i>kvíði</i>	við <i>kvíðum</i>
þú <i>hlakkar</i>	þið <i>hlakkið</i>	þú <i>kvíðir</i>	þið <i>kvíðið</i>
hann <i>hlakkar</i>	þeir <i>hlakka</i>	hann <i>kvíðir</i>	þeir <i>kvíða</i>

Nú á dögum segja sumir: *okkur hlakkar*, *þá hlakkar*, *ykkur kvíðir* og *mig kvíðir*.

a) Á hvaða hátt eru þessar sagnir beygðar þegar við segjum til dæmis *okkur hlakkar*?

Þá er verið að beygja sagnirnar *hlakka* og *kvíða* eins og þær séu ópersónulegar og því í 3.ps.et. í öllum persónum eintölu og fleirtölu.

b) Hvaða rök má færa fyrir þessari málbreytingu? Er eitthvað í merkingu þessara sagna sem líkist merkingu margra ópersónulegra sagna?

Margar ópersónulegar sagnir vísa til tilfinninga og hugarástands, sbr. *langa*, *dreyma*, *skorta*, *svíða* o.fl. Sagnirnar *hlakka* og *kvíða* geta fallið í þann flokk því að þær tjá tilfinningar eða hugarástand og því tengir málnotandinn þær ef til vill við flokk ópersónulegra sagna og beygir þær samkvæmt því.

Það ber að hafa í huga að fæstar „villur“ sem málnotendur gera eru út í bláinn. Yfirleitt eru einhver rök á bak við þær þegar nánar er að gætt.

Verkefni 42

a) Í eftirfarandi texta eru sagnir í persónuhætti skáletraðar. Greinið persónu og tölu þeirra sagna.

b) Breytið persónu og tölu frumlagsins í 1. persónu fleirtölu í fyrstu tveimur línunum. Hvar og hvernig þarf að breyta persónu og tölu sagnanna?

a)

Mér *fannst* (3.ps.et.óp.) ég vera úti á stóru vatni, Þingvallavatni *held* (1.ps.et.) ég. Mér *þótti* (3.ps.et.óp.) ég ætla að renna fyrir silung. Ég *var* (1.ps.et.) á einhverju helvítis hripi. Ég *byrjaði* (1.ps.et.) að ausa eins og ég *ætti* (1.ps.et.) lífið að leysa en alltaf *lak* (3.ps.et.) meira inn í bátinn. Sigurbjörn *leit* (3.ps.et.) á konuna líkt og í trúnaði. Það furðulega *var* (3.ps.et.) að á öllum þóftum *sat* (3.ps.et.) eitthvert dót og *masaði* (3.ps.et.) saman og *lét* (3.ps.et.) þetta afskiptalaust.

Og hvaða fólk *var* (3.ps.et.) þetta? *spurði* (3.ps.et.) Sunneva. Þau *sátu* (3.ps.ft.) í eldhúsinu og *drukku* (3.ps.ft.) morgunkaffi.

Það *hef* (1.ps.et.) ég ekki hugmynd um kona.

Var (3.ps.et.) þetta kannski fjölskylda þín?

Nei, hvernig *dettur* (3.ps.et.óp.) þér svonalagað í hug manneskja? *sagði* (3.ps.et.) hann gáttaður. – *Heldurðu* (2.ps.et.) að ég *þekki* (1.ps.et.) ekki mína fjölskyldu.

Úr *Tröllakirkju* eftir Ólaf Gunnarsson

b)

Okkur *fannst* (3.ps.et.óp.) við vera úti á stóru vatni, Þingvallavatni *höldum* (1.ps.et.) við Okkur *þótti* (3.ps.et.óp.) við ætla renna fyrir silung. Við *vorum* (1.ps.et.) á einhverju helvítis hripi.

Sagnirnar sem eru ópersónulegar og þar af leiðandi í 3.ps.et. breytast ekki þegar skipt er um tölu frumlagsins, þ.e. þær eru ekki háðar persónu og tölu frumlagsins. Auk þess má geta að frumlag ópersónulegra sagna er alltaf í aukafalli – þf. eða þgf.

Sagnirnar sem eru persónulegar taka breytingum þegar persónu og tölu frumlagsins er breytt – ennfremur er frumlag þessara sagna í nefnifalli.

Verkefni 43

Finnið sagnirnar í eftirfarandi málgreinum og greinið hætti þeirra.

Vinnið (bh.) verkefnin ykkar vel og þið munuð (fh.) uppskera (nh.) góðan árangur. Það trúa (fh.) því ekki allir að þeir geti (vh.) fengið (lh.þt.) góðar einkunnir en þeim sem eru (fh.) sífellt lærandi (lh.nt.) gengur (fh.) að sjálfsögðu betur en þeim sem ekkert gera (fh.).

Verkefni 44

a) Skoðið feitletruðu sagnirnar í eftirfarandi dæmum.

b) Hvaða breytingum taka sagnirnar þegar breytt er úr beinni ræðu í óbeina ræðu?

c) Hvaða breytingum taka fornöfnin sem standa á undan sögnunum?

Silja sagði: „Ég **kemst** ekki í kvöld.“

Silja sagði að hún **kæmist** ekki í kvöld.

Haraldur sagði: „Mér **finnst** gaman í skólanum.“

Haraldur sagði að sér **fyndist** gaman í skólanum.

b)

Þegar breytt er úr beinni ræðu í óbeina ræðu breyta sagnirnar um hátt, þ.e. í beinu ræðunni eru þær í *framsöguhætti* en í óbeinu ræðunni eru þær í *viðtengingarhætti*.

c)

Fornöfnin breytast úr því að vera í 1. persónu yfir í 3. persónu. Athugið að í seinna dæminu verður persónufornafnið afturbeygt.

Ábending:

Upplagt er að velta vöngum með nemendum yfir því hvers vegna málsgreinin tekur þessum breytingum þegar breytt er í óbeina ræðu.

Verkefni 45

- Skoðið fyrirmæli nokkurra verkefna hér á undan.
- Hvaða háttur einkennir fyrirmælin og hvers vegna?

Boðháttur einkennir fyrirmælin því að yfirleitt er verið að biðja nemendur um að framkvæma tiltekna hluti.

Verkefni 46

- Finnið sagnirnar í eftirfarandi texta og greinið hætti þeirra.
- Er sögn í persónuhætti í hverri umsögn? Ef svo er ekki hvernig stendur á því?
- Geta einhver orð skotið sér inn í umsögn?

a)

Skólar í sveitarfélaginu Sigtuna í nágrenni Stokkhólms í Svíþjóð hafa (fh.) ákveðið (lh.pt.) að heiðra (nh.) trúarlega frídaga þriggja minnihlutahópa og (hafa ákveðið) að gefa (nh.) nemendum þá daga frá og með næsta ári. Samkvæmt þessu verða (fh.) skólarnir lokaðir (lh.pt.) á lokadegi Ramadan, föstu múslima, þegar persískt nýár gengur (fh.) í garð og á föstudaginn langa samkvæmt kristnu rétttrúnaðarkirkjunni. Þessum dögum verður (fh.) fagnað (lh.pt.) sem „fjölmenningslegum frídögum,“ að því er forsvarsmenn bæjarfélagsins segja (fh.). Mörg önnur sveitarfélög í Svíþjóð eru (fh.) áhugasöm fyrir framtaki Sigtuna og líklegt er (fh.) að sum þeirra muni (vh.) taka (nh.) upp svipað fyrirkomulag, að því er greint (lh.pt.) er (fh.) frá í blaðinu *Dagens Nyheter*. „Það verður (fh.) að gæta (nh.) jafnréttis meðal barna,“ segir (fh.) Johan Hellberg, einn forsvarsmanna skólamála í Huddinge, sem er (fh.) jafnframt í nágrenni við Stokkhólm.

mbl.is, 11. júní 2004

b)

Já, það er sögn í persónuhætti í hverri umsögn í ofanrituðum texta nema í seinni aðalsetningunni í fyrstu málsgreininni. Þar er sögn í persónuhætti undanskilin því að hún er hin sama og í fyrri setningunni í viðkomandi málsgrein og talið óþarfi að endurtaka hana.

c)

Já, það er mögulegt og er þá oft um að ræða atviklið eða forsetningarlið. Þetta á þó ekki við í ofanrituðum texta.

Ábending:

Hægt er að láta nemendur semja í hópum stuttan texta, t.d. um notkun farsíma, þar sem textinn er sem mest í framsöguhætti. Nemendur prófa svo að breyta textanum þannig að hann sé sem mest í viðtengingarhætti. Síðan er hægt að ræða um hvernig efni textans breytist.

Verkefni 47

- Búið til þrjár setningar með sögninni að *mála* í lýsingarhætti þátíðar. Notið mismunandi kyn og hjálparsögnina *vera*. Athugið að lýsingarháttur þátíðar er eini fallhátturinn sem getur haft mismunandi beygingarendingu eftir kyni og tölu.
- Gerið slíkt hið sama við sögnina að *koma*.
- Að hvaða leyti er lýsingarháttur þátíðar þessara sagna ólíkur?

a)

Veggurinn er málaður

Hurðin er máluð

Húsið er málað

b)

Maðurinn er kominn

Konan er komin

Barnið er komið

c)

Í báðum tilfellum beygist lh.þt. eftir kynjum en beygingarendingar þessara sagna eru ólíkar.

Verkefni 48

Greinið myndir skáletruðu umsagnanna í textanum.

Leikhúslíf á Íslandi er **gm.** mjög blómlegt. Sýningarnar *eru* vel *sóttar* **þm.** og margar þeirra *fá* **gm.** góða gagnrýni. Margir *leggjast* **mm.** á eitt til að sýning *takist* **mm.** vel. Mestu *skiptir* **gm.** þó að áhorfendur *komi* **gm.** ánægðir út af hverri sýningu. Þannig *verður* sýningin best *auglýst* **þm.**

Verkefni 49

Sigrún vökvaði blómin í gær.

Blómin voru vökvuð í gær af Sigrúnu.

- Í dæmunum hér að ofan er germyndarsetningu breytt í þolmyndarsetningu. Breytið eftirfarandi germyndarsetningum á sama hátt í þolmyndarsetningar.
- Hvað breytist þegar þolmyndin er mynduð?

Amma setti upp nýjar gardínur í herberginu mínu.
Drengurinn hefur alltaf sparkað boltanum beint í mark.

a)

Nýjar gardínur voru settar upp í herberginu mínu (af ömmu).
Boltanum hafði alltaf verið sparkað beint í mark (af drengnum).

b)

Þegar þolmyndin er mynduð færist þolandinn fremst en gerandinn aftast.
Þolmynd er alltaf mynduð með samsettri umsögn en germynd getur bæði verið mynduð með ósamsettri og samsettri umsögn.

Verkefni 50

Skoðið eftirfarandi setningapör. Að hvaða leyti er merking þeirra mismunandi?

Konan breyttist.	Konan breytti sér.
Strákurinn festist.	Strákurinn festi sig.
Hann meiddist.	Hann meiddi sig.
Barnið brenndist.	Barnið brenndi sig.

Í dæmunum vinstra megin kemur eitthvað fyrir gerandann sem er ekki endilega af hans völdum. Hægra megin framkvæmir gerandinn frekar einhvern verknað á sjálfum sér.

Verkefni 51

- Flettið eftirfarandi sögnum upp í íslenskri orðabók og tilgreinið merkingu þeirra.
- Skrifið upp kennimyndir sagnanna.
- Flokkið þær í veikar og sterkar sagnir.

etja, gjalda, rekja, skefla, sverfa

a) etja: <i>æsa, espa</i>	gjalda: <i>borga, greiða</i>	rekja: <i>vinda ofan af</i>
b) etja – atti – att	gjalda – galt - guldum - goldið	rekja - rakti - rakið
c) veik sögn	sterk sögn	veik sögn
a) skefla: <i>ffúka í skafla</i>	sverfa: <i>núa með þjöl</i>	
b) skefla – skefli – skeflt	sverfa – svarf – surfum - sorfið	
c) veik sögn	sterk sögn	

Verkefni 52

- a) Eftirfarandi málsgrein gæti verið sögð af þriggja ára barni. Mjög algengt er að barn á þessum aldri noti sagnir á þennan hátt. Hvernig ætli standi á því?

Amma *gefði* mér bolta og Sigga *takaði* hann svo af mér.

Börn beygja oft allar sagnir veikt í byrjun máltökunnar því að sú beyging er regluleg og auðveldari í notkun en sterka beygingin.

- b) Nefnið dæmi um sagnir sem þið notið og eru að uppruna ekki íslenskar. Hvers konar beygingu fá þær sagnir í íslensku?

spekúlera, seifa, meika

Þessar sagnir fá veika beygingu.

Verkefni 53

- a) Beygið sagnorðið *draga* í kennimyndum.
b) Skriðið sögnina upp í 1. persónu, eintölu og hafið hana annars vegar í viðtengingarhætti nútíðar og hins vegar í viðtengingarhætti þátíðar?
c) Hvaða munur er á rithætti sagnarinnar í viðtengingarhætti nútíðar og þátíðar? Hvað skýrir þennan munur?
Berid þið viðtengingarháttinn eins fram í nútíð og þátíð?

a)
draga – dró – drógum – dregið

b)
1.ps.et.vh.nt.: (þótt) ég dragi
1.ps.et.vh.þt.: (þótt) ég drægi

c)
Sögnin í vh. nt. er með *a*, sbr. *dragi* en í vh.þt. með *æ*, sbr. *drægi*

Nútíðin í vh. er dregin af 1. kennimynd sem er með *a* í stofni en þátíðin í vh.et. er dregin af 3. kennimynd og það skýrir *æ* og *g* í þeirri sagnmynd (þ.e. *drægi* = i-hljóðvarp þar sem *ó>æ*). Framburðurinn á *dragi* og *drægi* er sá sami nema um skafthellskan einhljóðaframburð sé að ræða.

Verkefni 54

a) Beygið eftirfarandi sagnir í kennimyndum.

hefja, læra, sjá, sofa, styðja, taka, tala.

b) Myndið svo viðtengingarhátt nútíðar og viðtengingarhátt þátíðar í 1. persónu, eintölu.

a) + b)

hefja – hóf – hófum – hafið

vh.nt. vh.pt.
hefji hæfi

læra – lærði – lært

vh.nt. vh.pt.
læri lærði

sjá – sá – sáum – séð

vh.nt. vh.pt.
sjái sæi

sofa – svaf – sváfum – sofið

vh.nt. vh.pt.
sofi svæfi

styðja – studdi – stutt

vh.nt. vh.pt.
styðji styddi

taka – tók – tókum – tekið

vh.nt. vh.pt.
taki tæki

tala – talaði – talað

vh.nt. vh.pt.
tali talaði

Verkefni 55

a) Beygið sagnirnar *bera* og *svífa* í kennimyndum.

b) Tilgreinið af hvaða kennimynd eftirfarandi beygingarmyndir eru dregnar:

beri, berandi, bæri, berðu, ber, barst, báruð;

svíf, svífðu, svífi, svífi, sveifst, svifu, svífandi

a)

nt.et./ft.	pt.et.fh.	þt.ft.fh.+vh. þt.et.vh.	lh.þt.
------------	-----------	----------------------------	--------

bera	bar	bárum	borið
<i>beri</i>	<i>barst</i>	<i>báruð</i>	
<i>berandi</i>		<i>bæri</i>	
<i>berðu</i>			
<i>ber</i>			

nt.et./ft.	pt.et.fh.	þt.ft.fh.+vh. þt.et.vh.	lh.þt.
------------	-----------	----------------------------	--------

svífa	sveif	svifum	svifið
<i>svíf</i>	<i>sveifst</i>	<i>svífi</i>	
<i>svífðu</i>		<i>svifu</i>	
<i>svífi</i>			
svífandi			

Verkefni 56

- Finnið sagnirnar í eftirfarandi textabroti.
- Segið til um hvort sagnirnar eru áhrifssagnir eða áhrifslausar sagnir.
- Gerið hring (er feitletrað í svarinu) utan um þau orð sem áhrifssagnirnar stýra.
- Hvaða fleiri orð en áhrifssagnir stýra falli í textanum?

áhrs. = áhrifssögn

áhrls. = áhrifslaus sögn

skáletur = orð sem áhrifssagnir stýra

Pabbi skipaði (áhrs.) mér að setjast (áhrls.) á klósettsetuna, rakstur færi (áhrls.) í hönd. Áður en hugurinn fékk (áhrs.) næði tilað átta (áhrs.) sig makaði (áhrs.) pabbi raksápu framan í mig, dró (áhrs.) umræddan rakhníf uppúr buxnavasanum og byrjaði (áhrls.) að draga (áhrs.) hann niður eftir vöngum mínum. Ég lokaði (áhrs.) augunum og andaði (áhrs.) djúpt að mér lyktinni af sápunni og lyktinni af honum. Síðastnefnda lyktin var (áhrls.) torræð. Ég andaði (áhrls.) aftur og aftur. Lyktina af sápunni geymdi (áhrs.) ég í vinstra lunga og lyktina af pabba í hægra lunga. Hvernig brygðust (áhrls.) frumur líkamans við lykt eitt og lykt tvö? Síðan sneri (áhrs.) ég geymsluhólfunum við því ég hafði (áhrls.) misreiknað (áhrs.) mig: lyktin af pabba yrði (áhrls.) geymd nær hjartanu. Ég opnaði (áhrs.) augun.

Úr *Elskan mín ég dey* eftir Kristínu Ómarsdóttur

d)

forsetningar, sbr. ...á klósettsetuna...

nafnorð sem taka með sér eignafallseinkunn, sbr. ...frumur líkamans...

Ábending:

Hér er hægt að láta nemendur vinna verkefnið í paravinnu.

Verkefni 57

- Búið til setningar sem innihalda eftirfarandi sagnir.
- Hvaða sagnir eru áhrifssagnir og hvaða sagnir eru áhrifslausar sagnir?
- Hvaða sagnir taka með sér andlag og hvaða sagnir taka með sér sagnfyllingar?
- Geta einhverjar af eftirfarandi sögnum verið sjálfstæðar?

færa, brjóta, þykjast, heita, baka, taka, reikna.

Hugmynd að svari:

a)	b)	c)	d)
Ég <i>færði</i> borðið	áhs.	andlag	ósjálfstæð
Hún <i>braut</i> glasið	áhs.	andlag	ósjálfstæð
Hann <i>þóttist</i> góður	áhls.	sagnfylling	ósjálfstæð
Ég <i>heiti</i> Anna	áhls.	sagnfylling	ósjálfstæð
Hann <i>bakaði</i> brauðið	áhs.	andlag	getur verið sjálfstæð
Hún <i>tók</i> bílinn	áhs.	andlag	ósjálfstæð
Ég <i>reiknaði</i> dæmið	áhs.	andlag	getur verið sjálfstæð

Verkefni 58

- a) Finnið sagnirnar í eftirfarandi texta.
b) Hvort eru áhrifslausar sagnir eða áhrifssagnir ríkjandi í textanum?

a)
Grábrún, rákótt fínka sem þekkist í flestum búningum á litlum rauðum bletti fremst á kollinum og svörtum bletti á hálskverk. Grunnlitur og rákir eru nokkuð breytilegar eftir árstíma og undirtegundum. Hann er dekkstur og gráleitur á sumrin. Á haustin verða litirnir skýrari, meira gulbrúnir.

Úr *Fuglar á Íslandi og öðrum eyjum í Norður Atlantshafi*

b)
Áhrifslausar sagnir eru ríkjandi í textanum; þ.e. sagnir sem taka ekki með sér fallorð í aukafalli (andlög).

Verkefni 59

- a) Búið til setningar þar sem eftirfarandi sagnir stýra tveimur mismunandi föllum í sömu setningu (taka með sér tvö andlög).
b) Hvaða föllum stýra þær?

segja, senda, gefa

a)
Strákurinn *sagði* henni sannleikann
Hún *sendi* honum ástarbréf
Gamla konan *gaf* henni kjólinn.

b)
Í öllum tilfellum er fyrra andlagið í þgf. og hið síðara í þf.

